

From: Anna Kristjánsdóttir [annakk@simnet.is]
Sent: 18. maí 2012 17:14
To: Nefndasvið umsagnir
Subject: 736. mál Alþingis - frumvarp til laga um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarfanda

Til Alþingis

Ég hefi engar sérstakar athugasemdir um frumvarpið og hvet til að það verði samþykkt hið fyrsta.

Með þökkum

Anna K. Kristjánsdóttir
Hraunbæ 56
110 Reykjavík
Símar 587 30 40 og 617 62 18



From: Anna Kristjánsdóttir <annakk@simnet.is>
Date: 23. maí 2012 00:25:17 GMT
To: "annakk@simnet.is" <annakk@simnet.is>
Subject: {Spam?} {Disarmed} FW: [trans-info-europe] FW: [ILGA-Europe media] Launch of first Annual Review of Human Rights Situation LGBTI in Europe

Til velferðarnefndar Alþingis.

Þar sem frumvarp til laga um réttarstöðu transfólks er til umræðu innan velferðarnefndar Alþingis taldi ég eðlilegt að kynna fyrir nefndinni hvernig lítið er á stöðu mála á Íslandi sem og í öðrum Evrópulöndum af hálfu Evrópudeildar Alþjóðasamtaka hinsegin fólks. (ILGA-Europe) Þar kemur fram að heildarstaða Íslands sé góð miðað við heildina eða í 9-10 sæti ásamt Austurríki. Þar er þess þó að geta að réttarstaða samkynhneigðra er með því besta sem þekkist í heiminum, en staða transfólks er slík að hún dregur Ísland niður í 9-10 sæti. Hér vantar löggjöf um transmál (þá hins sömu sem hér liggur fyrir Alþingi sem frumvarp) og hér vantar allt sem varðar lagalega vernd gagnvart transfólki, en í Bandaríkjunum er talið að 44% hatursmorða gagnvart minnihlutahópum séu gagnvart transkonum.

Skýrslan sjálf ásamt myndrænum gögnum eru neðst í bréfinu.

Með kærum kveðjum frá fulltrúa Trans-Ísland og nefndarmanni í nefnd um samningu frumvarps um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarfanda

Anna K. Kristjánsdóttir
Hraunbæ 56
110 Reykjavík
Símar 587 30 40 og 617 62 18

From: Silvan Agius [<mailto:silvan@ilga-europe.org>]
Sent: 15. maí 2012 07:30
To: trans-info-europe@lists.taeu.org
Cc: annualreview@ilga-europe.org
Subject: [trans-info-europe] FW: [ILGA-Europe media] Launch of first Annual Review of Human Rights Situation LGBTI in Europe

Dear All,

We are pleased to launch our first Annual Review of the Human Rights Situation of LGBTI People in Europe (2011) – **covering all international institutions and all 49 European countries** – and an updated map and index that amongst others provides greater mainstreaming and prominence to the situation of trans people in Europe. I thank all those on this list who have directly or indirectly contributed to the two publications.

The press release below provides you with information about the launch of the two documents and how you can download your own copies. I hope that they will be useful in your advocacy. Should you have any comments, please write to annualreview@ilga-europe.org

Best regards,

Silvan Agius

From: Juris Lavrikovs

Sent: 15 May 2012 09:30

To: Silvan Agius

Subject: [ILGA-Europe media] Launch of first Annual Review of Human Rights Situation LGBTI in Europe

MEDIA RELEASE

For immediate release

ILGA-Europe launches its very first Annual Review of Human Rights Situation LGBTI in Europe and updated Rainbow Map



Today ILGA-Europe is launching its very first **Annual Review of the Human Rights Situation of Lesbian, Gay, Bisexual, Trans and Intersex People in Europe 2011** supplemented by the **Rainbow Map**. These publications will be launched at an event marking the International Day against Homophobia and Transphobia in the presence of **Cecilia Malmström**, EU Home Affairs Commissioner, UN officials, civil society organisations and LGBTI activists from Eastern Europe.

The Annual Review and the Rainbow Map give an overall picture of the current state of play of the human rights of LGBTI people in Europe.

From a legal perspective, the ILGA-Europe Rainbow Map shows that **none of the countries** in Europe can claim to provide full legal equality for LGBTI people. The five highest scoring countries – out of the maximum of 30 points – are:

- **United Kingdom** (21 points)
- **Germany** and **Spain** (20 points each)
- **Sweden** (18 points)
- **Belgium** (17 points)

10 countries are in the negative zone and do not meet the basic requirements of human rights standards:

- **Moldova** and **Russia** (-4.5 points each)
- **Armenia, Azerbaijan, FYR Macedonia** and **Ukraine** (-4 points each)
- **Monaco, San Marino** and **Turkey** (-3 points each)
- **Belarus** and **Liechtenstein** (-1 point each)

A simple fact remains: on average, the level of legal equality continues to be very low in most countries.

The **Annual Review** complements this information and provides insights into the political and social developments which contribute to advancing legal and social recognition of rights across the region.

On the positive side, great progress was achieved in 2011 at the international and European levels in terms of recognition of the grounds of sexual orientation and gender identity particularly in the fields of asylum and protection from violence. Various countries continued moving towards the extension of legal recognition and equal rights to rainbow families; and there are a number of legal proposals towards the introduction of humane laws regarding the change of legal name and gender of trans people.

On the negative side, in some countries there is either no progress whatsoever, or worse, there are moves towards the adoption of legislation criminalising the 'propaganda of homosexuality'.

Evelyne Paradis, Executive Director of ILGA-Europe, said:

"ILGA-Europe is very pleased to launch a new tool providing a comprehensive human rights review of the situation of LGBTI people in all 49 European countries. Our Rainbow Map has already proven to be very useful and popular tools on the legal situation. The Annual Review goes a step further and looks into the social and political context which influences the lived experiences of LGBTI people.

Formal equality is only a step towards full social inclusion. And even here we see big differences and gaps across Europe – not a single country can claim full legal equality, let alone social equality. Therefore we hope that our Annual Review will provide a good basis for sharing of best practices and foster a dialogue between the States and LGBTI civil society."

Background information:

Annual Review of the Human Rights Situation of Lesbian, Gay, Bisexual, Trans and Intersex People in Europe

This annual publication will document legislative, political and social developments relevant to LGBTI people in each European country, as well as at international (United Nations) and European level (Council of Europe, EU and the Organization for Security and Cooperation in Europe). The aim is to complement the global documentation of the human rights situation from an LGBTI perspective on a yearly basis.

While the 2011 edition of the Annual Review covers various cases of violence, hatred and discrimination against LGBTI people (at times perpetrated at the hands of the State), the scope of the document is not that of naming and shaming, or pointing fingers at specific countries. This publication should instead serve as a tool for the exchange of best practices and policies, and as an open invitation for enhanced cooperation between governments and LGBTI civil society.

ILGA-Europe Rainbow Map



ILGA-Europe Rainbow Map reflects the national legal human rights situation of LGBTI people in a simple format. The Rainbow Map ranks all European countries according to their legislation and administrative practices that have direct impact on the human rights situation of LGBTI people.

This project does not represent and rank the countries according to the social attitudes. While this is an important indicator and various public opinion polls are conducted in different countries, it currently remains impossible to collect comparable data in all 49 European countries to draw credible conclusions.



ILGA-Europe Rainbow Map rates each European country's laws and administrative practices according to **42 categories** and ranks them on a scale between **30** (highest score: respect of human rights and full legal equality of LGBT people) and **-12** (lowest score: gross violations of human rights and discrimination of LGBT people).

42 categories cover a wide spectrum of legislation and administrative practices in the areas of

- **asylum** (explicit reference to sexual orientation as a ground on which it is legitimate to claim asylum)
- **equality and non-discrimination** (explicit references to sexual, orientation, gender identity and intersex people)
- **bias motivated speech/crime** (explicit reference to sexual orientation, gender identity and intersex people in legislation dealing with hate speech/crime)
- **family** (different forms of recognition of same-sex partnerships, parenting entitlements and ability for trans people to legally marry a person of the other gender)
- **freedom of association, assembly and expression** (obstruction/no obstruction from the States on the exercise of these freedom, new laws banning 'homosexual propaganda')
- **legal gender recognition** (availability of procedures for legal gender recognitions and a number of discriminatory requirements)

Ends

For more information please contact

Juris Lavrikovs at + 32 2 609 54 16 / + 32 496 708 375

Notes for editors:

(1) ILGA-Europe is the European Region of ILGA, the International Lesbian, Gay, Bisexual, Trans and Intersex Association and works for equality and human rights for lesbian, gay, bisexual, trans & intersex people in Europe: www.ilga-europe.org

(2) [ILGA-Europe Annual Review of the Human Rights Situation of Lesbian, Gay, Bisexual, Trans and Intersex People in Europe 2011](#)

(3) [ILGA-Europe Rainbow Map and Index, May 2012](#)

Juris Lavrikovs
Communications Manager
ILGA-Europe
direct line: + 32 2 609 54 16
mob.: + 32 496 70 83 75
skype: juris1968

rue Belliard straat 12, B-1040 Brussels, Belgium
Tel.: +32 2 609 54 10 • Fax: +32 2 609 54 19 • www.ilga-europe.org



ILGA
EUROPE

The European Region
of the International
Lesbian, Gay, Bisexual,
Trans & Intersex
Association

www.ilga-europe.org

Stay in the loop!

Sign up to our news and updates

Please think of the environment before printing this e-mail

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2478
komudagur 15.5.2012



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík 15. maí 2012

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarfanda, þskj. 1174 – 736. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarfanda. BSRB styður eindregið framgang þessa máls.

Fyrir hönd BSRB

Helga Jónsdóttir
Helga Jónsdóttir, framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 140/2515
komudagur 16.5.2012

miðvikudagur, 16. maí 2012

Skrifstofa Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8---10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um réttstöður einstaklinga með kynáttunarvanda. Þingskjal 1174 – 736. mál

Umsögn:

Félag nýrnasjúkra fagnar framkomnu frumvarpi til laga um réttstöður einstaklinga með kynáttunarvanda, á þingskjali 1174 – 736. mál og vonar að það verði hið fyrsta að lögum.

Félagið telur að þar sé um hrein mannréttindi að ræða og að fari vel á því að Íslendingar séu í engu eftirbátar þeirra sem fremst fara í mannréttindamálum.

Virðingarfyllst

Kristín Sæunnar- og Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri

Félags nýrnasjúkra



Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 25.maí 2012.
1205003 KÁ/IE

Efni: Umsögn um frv. til laga um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda, 736. mál.

Velferðarnefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Jafnréttisstofu um frv. til laga um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda, 736. mál, þskj. 1174, lþ. 140. Jafnréttisstofa þakkar nefndinn veittan frest til að senda inn umsögnina.

Almennar athugasemdir:

Um leið og Jafnréttisstofa fagnar því að tekið sé á réttindamálum hluta transfólks verður ekki hjá því komist að gera nokkrar alvarlegar athugasemdir við orðanotkun og hugmyndir sem fram koma í þessu frumvarpi og greinargerðinni með því.

Á undanförunum árum hefur veruleg umræða farið fram um réttindi og stöðu transfólks, m.a. á vettvangi Evrópuráðsins, innan kynjafræða og á þeim samráðsvettvangi sem norrænar jafnréttisstofnanir hafa komið á fót með því að halda reglulega fundi. Mállefni transfólks, sem reyndar eru mjög margbreytt og flókin, eru okkur á Jafnréttisstofu því alls ekki ókunn.

Franski heimspekingurinn Michel Foucault, sem var samkynhneigður, spurði eitt sinn þeirrar spurningar hvernig „einhverjir“ gætu leyft sér að taka sér það vald að skilgreina hann sem annars flokks manneskju bara vegna þess að hann væri samkynhneigður. Í framhaldi af því rannsakaði hann og setti fram kenningar um hinar margvíslegu hliðar valdsins, m.a. vald orðræðunnar og það vald sem skilgreinir hverjir og hvað er „heilbrigt og eðlilegt“ í hegðun fólks. Um aldir voru öll frávik frá skilgreiningunni karl og kona (sbr. sköpunarsögur Biblíunnar) talin sjúkleg og jafnvel glæpsamleg og eru það reyndar enn í stórum hluta heimsins. Þetta er staðreynd þrátt fyrir að fjölbreytni kynhneigða og kynímynnda hafi verið þekkt frá örófi alda en verið misvel séð af valdhöfum, ekki síst trúarstofnunum.

Ekki verður betur séð en að í þessu frumvarpi sé gengið út frá því að kynin séu aðeins tvö, sbr. tal um gagnstætt kyn, gagnastæð kynhlutverk, skráð kyn, o.s.frv. Slíkur skilningur ýtir undir að fólk sé þvingað til ákveðinnar hegðunar og/eða að það eigi að passa inn í ákveðnar viðurkenndar kynímmyndir. Það er einmitt það sem konur hafa barist gegn í meira en tvö hundruð ár, þ.e. að vera þvingaðar inn í ákveðnar ímyndir. Þá er afar óviðkunnanlegt að sjá að í frumvarpinu er litið á trans-gender sem sjúkdóm (geðsjúkdóm), þar sem talað er um að fólk sé haldið „ýmsum röskunum sem tengjast kynímmynd.“ Slíkar skilgreiningar kunna að



Jafnréttisstofa

tíðkast enn innan læknisfræði en eru lítt í samræmi við nútíma skilning á fjölbreytileika mannlífsins og mannréttindum. Kynímyndir eru afar mismunandi eftir tíma og rúmi. Hver getur og má taka sér það vald að segja hvað sé rétt og æskilegt í þeim efnum? Í greinargerð er vitnað til álits Umboðsmanns Alþingis þar sem kemur fram að hver maður hafi rétt til auðkennis, sjálfsímyndar og nafns. Hér er því um að ræða réttindi einstaklinga til að vera eins og þeir eru, eins og þeir skynja sig og fá það viðurkennt, ekki leið kerfisins til að „leiðrétta“ eða „lækna“ viðkomandi einstaklinga til að steypa þá í fyrirfram ákveðin form. .

Það er leitt að sjá hvað orðanotkun í því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar minnir óþægilega á þá umræðu sem samkynhneigðir gengu í gegnum fyrir aðeins nokkrum áratugum. Fyrst ber að nefna heitið á frumvarpinu sem kallast: *Frumvarp til laga um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda*. Gefið er skýrt til kynna að um vanda sér að ræða sem er skiljanlegt ef menn skilgreina trans-gender sem sjúkdóma en ekki ef litið er á trans-gender sem hluta af fjölbreytni mannlífsins og að viðurkenna þurfi rétt einstaklinga til að skera sig úr fjöldanum. Kynáttunarvandi nær alls ekki yfir hugtakið trans-gender og felur því miður í sér neikvætt gildismat. Er vandinn ekki sá, ef einhver er, að samfélagið (eða hluti þess) lítur á það sem vanda að fólk fæðist með mismunandi líkama og mismunandi kynhneigð. Það er reyndar umdeilt hvort kynhneigð er ásköpuð eða hvort hún er áunnin að einhverju leyti en við blasir að hópur fólks telur sig tilheyra röngu kyni, er hneigður til beggja kynja eða er á mörkum kynhneigða. Málið snýst um að viðkomandi einstaklingar séu viðurkenndir og njóti mannréttinda eins og annað fólk þó að það kalli á tilhliðranir og breytingar á kerfinu eins og þá að fá að bera nafn sem venjulega tilheyrir ákveðnu líffræðilegu kyni.

Væri ekki nær að kenna frumvarið við rétt einstaklinga til kynskiptaaðgerða og þar með að breyta um nafn á lögnum, það er það sem frumvarpið fjallar um. Þar með verður ljóst að með þessu frumvarpi er aðeins verið að koma til móts við ákveðinn hóp trans-fólks meðan aðrir liggja óbættir hjá garði, t.d. þeir sem kjósa að vera konur í líkama karls en vilja frá að heita kvenmannsnafni og öfugt. Í þessari flóru er allt til og á að vera þannig.

Jafnréttisstofa leggur til að heiti frumvarpsins verði breytt í frumvarp til laga um rétt einstaklinga til kynskiptaaðgerða og réttarstöðu. Í samræmi við það þyrfti að gera breytingar á orðanotkun í 1. gr., 2. gr. og alls staðar í frumvarpinu þar sem orðið „kynáttunarvandi“ er notað.

Um 4. gr.:

Jafnréttisstofa minnir á regluna í 15. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008 um að þess skuli gætt við skipun í nefndir, ráð og stjórnir hjá ríki og sveitarfélögum, að hlutfall kynjanna sé sem jafnast. Gjarnan mætti vísa til 15. gr. berum orðum í greininni.

Um 5. gr.:

Jafnréttisstofa minnir á regluna í 15. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008 um að þess skuli gætt við skipun í nefndir, ráð og stjórnir hjá ríki og sveitarfélögum, að hlutfall kynjanna sé sem jafnast. Gjarnan mætti vísa til 15. gr. berum orðum í greininni.

Um 6. gr.:

Í 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins segir m.a. eftirfarandi: „...og hafi verið í gagnstæðu kynhlutverki í a.m.k. eitt ár.“ Í greinargerðinni með 6. gr. frumvarpsins er eftirfarandi skýring á því hvað er að vera í gagnstæðu kynhlutverki, en þar segir orðrétt: „Umsækjandi telst vera í gagnstæðu kynhlutverki ef hann gengur undir nafni hins kynsins, klæðir sig í samræmi við kynhlutverkið allan sólarhringinn og kemur að öðru leyti fram, t.d. í vinnu og skóla, sem hitt kynið.“ Síðan segir að krafan um eins árs lágmarkstíma í gagnstæðu kynhlutverki sé í samræmi við alþjóðlegar vinnureglur WPATH (World Professional Association for Transgender Health).


Jafnréttisstofa geldur varhug við því að nota hugtakið „kynhlutverk“ og leggur til að það hugtak verið tekið út úr frumvarpinu og greinargerðinni. Hætta er á því að með því að nota þetta hugtak sé verið að viðhalda og styrkja hefðbundnar staðalmyndir umkynin. Hvað er það að klæða sig í samræmi við kynhlutverk? Hvenær klæðir fólk sig ekki í samræmi við kynhlutverk? Verður fylgst með þessu? Jafnréttisstofa telur að finna verði annan mælikvarða, ef þarf að vera með mælikvarða hér. Þessi teljist tæpast í samræmi við jafnréttislög, en þar segir að m.a. skuli ná markmiðum jafnréttislaga með því að „breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalmyndum um hlutverk kvenna og karla“, sjá j. lið 1. gr. jafnréttislaga.

Um 7. gr.:

Í þessari grein er vísað til þess að viðkomandi einstaklingur njóti allra þeirra réttinda að lögum sem „skráð kyn“ ber með sér. Hvað þýðir þetta? Eiga konur og karlar mismunandi réttindi samkvæmt lögum? Við hvað er átt hér? Til þess að valda ekki vafa þá mætti gjarnan skýra þetta betur. A.m.k. væri hægt að nefna dæmi í greinargerðinni, ef ekki teldist heppilegt að setja þau beint inn í texta greinarinnar.

Sé óskað frekari athugasemda, skýringa eða upplýsinga, þá vinsamlegast hafið samband við Kristínu Ástgeirsdóttur eða Ingibjörg Elíasdóttur

Virðingarfyllst,
f.h. Jafnréttisstofu



Ingibjörg Elíasdóttir
lögfræðingur

Skrifstofa Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. maí 2012
1205112/0.1.0/kk

Efni: Umsögn um Þingskjal 1174 — 736. mál:
Frumvarp til laga um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarfanda.

Með tölvupósti þann 14. maí sl. veitti velferðarnefnd Embætti landlækni kost á að senda henni umsögn um framangreint frumvarp fyrir þann 18. maí sl. Landlæknir hafði því miður ekki tók á að senda umsögn sína innan hins skamma frests. Landlæknir hefur kynnt sér nefndarálit velferðarnefndar, dags. 24. maí sl., á þingskjali nr. 1418 og er sammála því sem þar kemur fram og bæði niðurstöðu og tillögu nefndarinnar.

Embætti landlæknis fagnar því að fram er komið frumvarp til laga sem kveði svo skýrt á um reglur og þá ferla sem fylgja ber við meðferð mála einstaklinga með kynáttunarfanda. Með slíkri löggjöf er réttarstaða þeirra einstaklinga sem í hlut eiga skýrð eins og að var stefnt og hlutverk þeirra stjórnvalda sem að málum koma afmarkað með ótvíræðum hætti.

Embætti landlæknis telur réttarbót að þeirri breytingu á málsmeðferð sem felst í frumvarpinu. Þar er horfið frá því fyrirkomulagi sem nú er tíðkað að landlæknir taki einn ákvörðun um staðfestingu á kynleiðréttingu, til þess fyrirkomulags að sérfræðinganefnd staðfesti slíka ákvörðun. Það yrði gert að beiðni viðkomandi einstaklings og á grundvelli greinargerðar sérfræðiteymis Landspítala, séu lagaskilyrði fyrir hendi.

Virðingarfyllst,

Geir Gunnlaugsson
landlæknir



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. maí 2012
Tilv. 40.13

Umsögn Landspítala um þingskjal 1174 - 736. mál. Frumvarp til laga um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarfanda

Landspítali þakkar fyrir að fá tækifæri til þess að gera athugasemdir við ofangreint frumvarp.

Í frumvarpinu og ítarlegum athugasemdum sem því fylgja, kemur fram hver staða þessara mála er og hver markmið frumvarpsins eru.

Athugasemdir Landspítala varða þrjú atriði. Í fyrsta lagi skortir nákvæmari þarfagreiningu og kortlagningu á vandamálinu. Í öðru lagi skal bent á að kostnaður verður til við þær skurðaðgerðir, lýtaaðgerðir og fegrunaraðgerðir sem kveðið er á um með frumvarpinu. Í þriðja lagi er gerð athugasemd við 4. grein frumvarpsins sem fjallar um teymi á Landspítala.

1. Þarfagreining.

Ekki liggur fyrir nákvæm þarfagreining og lýsing á umfangi vandamálsins. Fram kemur að um 1-2 tilfelli á ári geti verið að ræða, en ekki er fjallað um hvernig þessi mál séu líkleg til þess að þróast. Vitað er að barnalæknar hafa áhyggjur af vaxandi fjölda fyrirspurna um þessi mál en ekkert mat á umfangi liggur fyrir.

2. Kostnaður. Viðbótarkostnaður mun hljóta af frumvarpinu, sem gera þarf ráð fyrir. Um er að ræða kostnað við skurðaðgerðir á Landspítala en hingað til hefur spítalinn gert samning við Sjúkratryggingar Íslands um laun og ferðir erlends skurðlæknis, en spítalinn hefur að öllu öðru leyti staðið straum af kostnaði vegna aðgerðanna sjálfra. Einnig er nauðsynlegt að breyta og skýra reglugerð um lýtalækningar. Þar þarf að koma skýrt fram hvaða hluta kostnaðar hið opinbera greiðir og hve mikinn hluta einstaklingur greiðir sjálfur. Samhliða þarf að gera ráð fyrir fjárveitingum til Landspítala til þess að standa straum af aðgerðunum.

3. Teymi á Landspítala (4.gr.).

Frumvarpið gerir ráð fyrir formlegri stofnun teymis sérfræðinga á Landspítala. Í því starfi sérfræðingar í geðlækningum, innkirtlalækningum og sálfræði. Gert er ráð fyrir að teymið geti til viðbótar kallað til sín sérfræðinga til ráðgjafar. Í frumvarpinu er hins vegar hvergi gert ráð fyrir kostnaði við störf þessa teymis. Þetta er í ósamræmi við 5. grein frumvarpsins sem gerir með skýrum hætti ráð fyrir að ríkissjóður greiði kostnað vegna sérfræðinefndar á vegum embættis landlæknis. Þetta er sérlega bagalegt þar sem þarfagreining liggur ekki fyrir og störf teymisins gætu orðið umfangsmeiri en til var ætlast, með tiheyrandi umsýslu og kostnaði.

Virðingarfyllt,

Björn Zoëga, forstjóri



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 23. maí 2012.

Efni: Frumvarp til laga um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda, 736. mál, stjórnarfrumvarp.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 14. maí sl. þar sem óskað er álitis Læknafélags Íslands (LÍ) á frumvarpi til laga um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda, 736. mál á 140. löggjafarþingi.

Frumvarpið er samið af nefnd um réttarstöðu transfólks. Til vinnu nefndarinnar var stofnað eftir álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 4919/2007 frá 27. apríl 2009 og tillögu til þingsályktunar um réttarbætur fyrir transfólk, sem lögð var fram á 138. löggjafarþingi en dagaði uppi.


LÍ telur í frumvarpinu felast mikilvæga réttarbót fyrir þann hóp einstaklinga sem það nær til og mælir með samþykkt þess. LÍ vill þó benda á eftirfarandi atriði:

1. Í skýringum með 3. gr. frumvarpsins er vísað til hugtakanna „transkona“ og „transkarl“. Hugtökin eru ekki notuð í frumvarpinu en hugsanlega væri heppilegt að skilgreina hugtökin í 3. gr. og nota þau á viðeigandi stöðum í frumvarpinu.
2. Í 4. gr. á að lögfesta að við Landspítala starfi teymi um kynáttunarvanda. LÍ telur mikilvægt, úr því að lögfesta á tilvist teymisins, að skýrt komi fram í lögnum að á fjárlögum hvers árs skuli vera eyrnamektir fjármunir til þessa teymis. Í skýringum kemur fram að skiptar skoðanir voru í nefndinni um hvort lögfesta bæri tilvist teymisins en niðurstaðan varð sú að nauðsynlegt væri að tryggja varanleika þess hjá Landspítala. Varanleiki teymisins verður ekki tryggður nema með sérgreindum fjárveitingum á fjárlögum hverju sinni og því telur LÍ mikilvægt að við 4. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi: „Kostnaður vegna starfa teymisins skal greiddur úr ríkissjóði með sérstakri fjárveitingu til Landspítalans á fjárlögum hvers árs.“ Ákvæði af þessu tagi tryggir varanleika teymisins og gefur til kynna hvert umfang starfsemi teymisins getur verið á hverju ári.
3. Í 5. gr. er gert ráð fyrir að skipuð verði sérfræðinefnd um kynáttunarvanda og að í nefndinni eigi sæti landlæknir og annar læknir og lögfræðingur tilnefndur af innanríkisráðuneyti. Skv. II. kafla laga nr. 41/2007 gegnir landlæknir viðamiklu hlutverki þegar kemur að eftirliti með heilbrigðisþjónustu. LÍ telur óheppilegt að landlæknir verði formaður þessarar nefndar og bendir á að til þess getur komið að einstaklingar með kynáttunarvanda vilji hvarta yfir vinnu teymis Landspítala um kynáttunarvanda. LÍ telur óheppilegt að einstaklingur í þeiri stöðu þurfi þá að kvarta til þess embættis þar sem í forsvari er formaður nefndarinnar sem hann síðar þarf að leita til varðandi staðfestingu um að hann tilheyri gagnstæðu kyni. Þá telur LÍ það vart í samræmi við hefðbundna stjórnsýslu, sem gerir ráð fyrir að stjórnvaldsákvæðanir séu kærnanlegar að ákvörðun sérfræðinefndarinnar sé ekki unnt að skjóta til æðra stjórnvalds.
4. Í 11. gr. kemur fram að gert er ráð fyrir því að einstaklingi sem fengið hefur staðfestingu skv. 3. mgr. 6. gr. geti snúist hugur og ákveðið að snúa aftur til fyrra

kyns. Lí telur mikilvægt að orðalag sé skýrt hér þannig að í 2. mgr. 11. gr. komi skýrt fram að sérfræðinefnd um kynáttunarvanda geti samkvæmt umsókn afturkallað staðfestingu. Lí leggur því til að 2. mgr. 11. gr. verði svohljóðandi: „Sérfræðinefnd um kynáttunarvanda getur **skv. umsókn** afturkallað staðfestingu skv. 3. mgr. 6. gr. o.s.frv.“

Telji velferðarnefnd þörf á þá er Lí að sjálfsgöðu tilbúið til að koma á fund nefndarinnar til að fjalla frekar um frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,



Þorbjörn Jónsson,
formaður.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Erindi nr. D 140/2587
komudagur 22.5.2012

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. maí 2012.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda, 140. löggjafarþing 2011 -2012. Þingskjal nr. 1174 – 736. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda. Markmið laganna er að tryggja einstaklingum með kynáttunarvanda jafna stöðu fyrir lögum á við aðra í samræmi við mannréttindi og mannhelgi. Frumvarpið var samið af nefnd um réttarstöðu transfólks sem skipuð var að velferðarráðherra og sat fulltrúi Mannréttindaskrifstofu Íslands í þeirri nefnd. Mannréttindaskrifstofa hvetur stjórnvöld eindregið til að samþykkja frumvarpið svo réttindi transfólks verði tryggð til jafns við aðra.


Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 140/268/
komudagur 8. 6. 2012

Alþingi
Velferðarnefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarústíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 5. júní 2012
Tilvísun: 2012050669PS/--

Persónuvernd vísar til tölvubréfs velferðarnefndar Alþingis frá 14. maí 2012 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarfanda (736. mál á 140. löggjafarþingi, þskj. 1174). Ekki eru gerðar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Þórður S.', written in a cursive, flowing style.

Þórður Sveinsson

Nefndasviðs Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. P 140/2631
komudagur 24.5.2012

Reykjavík, 16. maí 2012

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda (heildarlög), 736. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins á Íslandi,



Kristján Sturluson,
framkvæmdastjóri.

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

frumvarp til laga um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarfanda (heildarlög).

Þingskjal 1174 - 736. mál.

(Lagt fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011-2012.)

Rauði krossinn á Íslandi stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og bregst við neyð innanlands sem utan og veitir aðstoð sem gerir fólk hæfara til að takast á við erfiðleika og bregðast við áföllum.

Með vísan til ofangreinds gerir Rauði krossinn ekki athugasemdir við ofangreint frumvarp og styður framgang þess. Félagið bindur vonir við að það verði til þess að styrkja réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarfanda (transfólks).

Umsögn Samtakanna'78, 12.maí 2012
140. löggjafarþing 2011-2012, 736. mál:
Réttarstaða einstaklinga með kynáttunarvanda (heildarlög)

Samtökin '78, félag hinsegin fólks á Íslandi lýsa yfir eindregnum stuðningi við frumvarp velferðarráðherra um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda. Þegar staða hinsegin fólks á Íslandi er skoðuð þá kemur í ljós að við stöndum einna fremst í heiminum í málefnum samkynhneigðra en ef réttarstaða transgender fólks er tekin inn í myndina þá er staðan langt í frá jafn glæsileg og Ísland fellur úr efstu sætunum yfir þau lönd sem best hlúa að hinsegin fólki. Íslensk stjórnvöld hafa gefið út þau skilaboð að þau láti sig mannréttindi hinsegin fólks varða jafnt heima sem erlendis og hér gefst gullið tækifæri til þess að stíga skref til bættra mannréttinda einstaklinga með kynáttunarvanda. Lagasetningin hefði gríðarlega mikla þýðingu fyrir transgender einstaklinga, daglegt líf þeirra, sjálfsmynd og sálarlíf því það má vera alveg ljóst að þetta er ekki eitthvað sem fólk gerir að gamni sínu.

Eins og nefndin um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda bendir á er í kjölfarið nauðsynlegt að breyta hegningarlögum með tilliti til kynvitundar og gæta þess að ekki sé hægt að mismuna fólki sökum kynáttunarvanda eða ráðast að því með opinberum ærumeiðingum. Þá er einnig vert að athuga hvort ekki sé hægt að auðvelda transfólki nafnabreytingar í þjóðskrá en samkvæmt frumvarpinu þarf transfólk að hafa lifað í gagnstæðu kynhlutverki í amk 1 ár til þess að mega breyta nafni í þjóðskrá. Á þessum tíma gengur fólk almennt undir tveimur nöfnum – sínu nýja nafni gagnstæðs kyns og svo gamla eiginnafninu sem er í öllum opinberum gögnum. Þetta kallar á allskonar misskilning, vandræði og jafnvel ásakanir um að fólk sé að villa á sér heimildir og getur þar af leiðandi valdið transmanneskjunni margskonar sálarangist.

Við hvetjum stjórnvöld til þess að ganga eins langt og best þekkist í þessum málefnum og taka skýra og afdráttarlausu afstöðu með mannréttindum transfólks og rétti þeirra til að lifa með sömu mannlegu reisn og aðrir þegnar þessa lands.

Að lokum minnum við á tillögu Samtakanna '78 um að bæta orðinu kynvitund inn í upptalningu á mismununarbreytum í 6.grein, jafnræðisreglunnar í tillögu Stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá. Nú þegar er lagt til að bæta við kynhneigð og er það vel en að bæta orðinu kynvitund inni í upptalninguna myndi hafa mikla þýðingu til verndar transfólki sem á mun meira undir högg að sækja heldur en sam- og tvíkynhneigðir.

(Sjá umsögn S78 um 3.mál – 140. löggjafarþingi, A tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá).

Fyrir hönd stjórnar Samtakanna '78

Guðmundur Helgason, formaður



Alþingi
Erindi nr. P 140/2606
komudagur 23.5.2012

SIÐMENNT
Félag siðrænna húmanista á Íslandi
Æsuþelli 4, 2F
111 Reykjavík

www.sidmennt.is
sidmennt@sidmennt.is

Umsögn frá Siðmennt þann 18. maí 2012

Mál nr. 736 á 140. löggjafarþingi - ‚Réttarstaða einstaklinga með kynáttunarvanda (heildarlög)‘

Nefnd: Velferðarnefnd

Siðmennt fagnar því að frumvarp um þetta málefni sé komið á borð Alþingis og mælir með samþykkt þess fyrir þinglok. Við skoðun á frumvarpinu voru þó nokkur atriði sem mætti bæta fyrir væntanlega afgreiðslu þess.

Titill frumvarpsins

Orðið kynáttunarvandi er ekki hentugt nafn á upplifun einstaklingsins eins og lýst er í frumvarpinu. Undirritaður hefur heyrt það frá transfólki sem deilir þeirri skoðun að nafnið sé ekki hentugt. Hugtakið virðist gefa til kynna að einstaklingurinn sé í vanda með að átta sig á því hvaða kyni hann tilheyrir. Forsendur fyrir kynbreytingunni, í þjóðskrá og/eða með kynleiðréttandi aðgerð, er að einstaklingurinn sé fullviss um að líkamlega sé hann af öðru kyni en hið líkamlega bendir til.

Málið er hins vegar að hér er um að ræða ósamræmi milli huglægs mats viðkomandi á því hvaða kyn hann telur sig andlega og hvert líkamlegt kyn viðkomandi er þá stundina. Því miður er Siðmennt ekki í stöðu til að leggja fram hentugra hugtak en finnst ekki neitt betra hugtak fyrir afgreiðslu frumvarpsins leggur félagið til að væntanlegum lögum verði breytt þegar betra hugtak liggur fyrir.

Listi yfir kynleiðréttta einstaklinga

Fái einstaklingur sem hefur farið í kynleiðréttindi aðgerð nýja kennitölu er hættu á að við það myndist listi yfir þá einstaklinga sem hafa farið í kynleiðréttandi aðgerðir (og óskað nýrrar kennitölu). Kalli einhver fram lista yfir einstaklinga sem fengið hafa nýjar kennitölur er viðkomandi kominn með lista yfir einstaklinga sem hafa farið í kynleiðréttindi aðgerð. Listinn myndi eingöngu ná yfir einstaklinga sem óskuðu sér nýrrar kennitölu sbr. 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins en þar sem engum öðrum einstaklingum býðst til að fá nýja kennitölu er nokkuð öruggt að allir þeir sem eru á listanum hafa farið í gegnum kynleiðréttandi aðgerð.

Heimildin til að afhenda slíka lista er nokkuð opin og er skv. frumvarpinu „stjórnvöld[...] og aðrir aðilar sem starfa síns vegna þurfa að vita tengsl nýju og eldri kennitölunnar“. Upplýsingar eins og þessar munu líklegast falla undir viðkvæmar persónuupplýsingar skv. 8. tl. 2. gr. laga 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og því ætti að gera miklar kröfur um það hverjir hafa aðgang að slíkum lista enda yrði varla komist hjá því í framkvæmd að mynda einstakan lista yfir kennitöluskipti einstaklinga.

Leggur Siðmennt því til að heimildin til þess að fá nýja kennitölu rati ekki í samþykkt frumvarp, heldur hljóti ítarlegrar skoðunar með persónuverndarsjónarmið í huga og verði bætt við síðar verði niðurstaðan sú að vernd persónuupplýsinga verði fullnægjandi í framkvæmd. Ef ákvæðið ratar samt sem áður í frumvarpið er mælt með því að sett verði upp skylda þjóðskrár til þess að láta vita af þessari vinnslu persónuupplýsinga og þeirri hættu sem það gæti skapað.

Um afturköllun í 11. gr.

Ekki er tekið fyrir er ef umsækjandi hefur fengið nýja kennitölu skv. 3. mgr. 8. gr og leiðréttir kyn sitt til baka í þjóðskrá. Myndi hann hverfa til gömlu kennitölunnar eða fá þá þriðju? Til að tefja ekki frumvarpið að óþörfu mælir Siðmennt með því að veitingu nýrra kennitalna sé einfaldlega sleppt í væntanlegum lögum þar til fullvissa næst á þessu sviði.

Að lokum

Siðmennt ítrekar meðmæli sín um að þetta frumvarp verði afgreitt fyrir þinglok og vonandi með einróma samþykki.

Tillögur að breytingum

3. mgr. 8. gr. skal falla brott.

eða:

Við 3. mgr. 8. gr. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Þjóðskrá skal tilkynna umsækjanda hvaða hópar aðila fái að vita tengsl nýju og gömlu kennitölunnar.

F.h. Siðmenntar

Svavar Kjarrval Lúthersson

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2636
komudagur 25.5.2012

Alþingi
Nefndasvið, velferðarnefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2012
Tilvísun ÞÍ: 2012051172/5.13

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda, 736. mál – þingskjal 1174.

Þjóðskrá Íslands vísar til erindis velferðarnefndar Alþingis þar sem frumvarp til laga um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda, 736. mál – þingskjal 1174 er sent til umsagnar. Þjóðskrá Íslands telur nauðsynlegt að gera nokkrar athugasemdir við efni frumvarpsins, einkum að því er lýtur að stjórnslu og meðferð umsókna um kynbreytingu í þjóðskrá en á undanförunum mánuðum hafa allir vinnuferlar verið endurskoðaðir og miklar breytingar gerðar á innra skipulagi stofnunarinnar.

Athugasemdir við 6. gr. frumvarpsins

Í 6. gr. frumvarpsins er fjallað um verkefni sérfræðinefndar um kynáttunarvanda. Þar kemur fram að sá sem hlotið hefur greiningu og viðurkennda meðferð hjá teymi Landspítala um kynáttunarvanda geti óskað staðfestingar hjá sérfræðinefnd um kynáttunarvanda um að hann tilheyrir gagnstæðu kyni. Uppfylli umsækjandi tilgreind skilyrði staðfestir sérfræðinefndin að hann tilheyrir gagnstæðu kyni.

Fram kemur í ákvæðinu að sérfræðinefndin skuli tilkynna umsækjanda niðurstöður ákvörðunar sinnar en jafnframt skuli hún tilkynna Þjóðskrá Íslands að kyn umsækjanda hafi verið leiðrétt.

Í greinargerð með frumvarpinu er lýst því verklagi sem hefur verið viðhaft við breytingu á skráningu kyns í þjóðskrá. Þjóðskrá Íslands hefur eins og fyrr sagði endurskoðað innri ferla í starfsemi sinni, þar með talið ferla um skráningu kyns í þjóðskrá. Þjóðskrá Íslands telur að í frumvarpinu sem hér liggur fyrir felist tækifæri til að setja framsýna löggjöf í takt við breytingar á verklagi í stjórnsluframkvæmd stofnunarinnar. Þannig háttar nú til að meðferð tilkynninga um breytt kyn sker sig nokkuð frá öðrum tilkynningum eða beiðnum um breytta skráningu. Meginmunurinn felst í því að frumkvæði að breyttri skráningu kemur frá landlækni, þ.e. þriðja aðila, en ekki frá einstaklingnum sjálfum sem óskar eftir breyttri skráningu. Víðast hvar í íslenskri stjórnsluframkvæmd er gert ráð fyrir því að sá sem einhvers æskir, hafi sjálfur frumkvæði að þeirri breytingu sem óskað er eftir. Í starfsemi Þjóðskrár Íslands á það t.d. við um nafnbreytingar, breytingar á lögheimili o.fl. Beiðni um breytta skráningu á þannig uppruna sinn hjá þeim sem breyting varðar. Þetta sjónarmið kemur hins vegar ekki fram í frumvarpinu og telur Þjóðskrá Íslands því rétt að endurskoða það.



Lagt er til að umsækjanda um kynleiðréttingu verði sjálfum falið að senda Þjóðskrá Íslands erindi um beiðni um breytta skráningu kyns í þjóðskrá og samhliða yrði sótt um nafnbreytingu. Í kjölfarið yrðu báðar beiðnirnar unnar samhliða hjá Þjóðskrá Íslands eins og gert er ráð fyrir í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Beiðninni myndi fylgja staðfesting sérfræðinefndarinnar. Eins og fyrr segir hefur Þjóðskrá Íslands hug á að breyta gildandi verklagi enda felur það í sér ákveðið rask fyrir þann er óskar kynleiðréttingar. Nokkur misbrestur er á að beiðni um nafnbreytingu og kynleiðréttingu berist á sama tíma en þó er skráningin þess eðlis að nauðsynlegt er að breyta kyni og nafni í þjóðskrá samtímis. Berist bréf landlæknis t.d. á undan beiðni um nafnbreytingu er sá háttur hafður á að haft er samband við þann sem kynleiðrétting varðar og viðkomandi bent á að skila inn nafnbreytingu og virðist raunar gert ráð fyrir því verklagi í 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins. Hitt getur svo einnig gerst að beiðni um nafnbreytingu berist á undan þá fer sú beiðni í bið þangað til bréfið berst frá landlækni. Hvort tveggja getur haft í för með sér viss óþægindi og óþarfa umstang fyrir þann er óskar kynleiðréttingar. Hægðarleikur væri að Þjóðskrá Íslands útbúi eyðublað sem umsækjandi gæti nálgast og sent inn til vinnslu. Á eyðublaðinu mætti gera ráð fyrir staðfestingu sérfræðinganevndarinnar en ennþá einfaldara væri að umsækjanda yrði einfaldlega gert skylt að framvísa afriti af staðfestingu sérfræðinganevndarinnar skv. 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins hjá Þjóðskrá Íslands um leið og umsókn um breytta skráningu kyns og breytt nafn er afhent Þjóðskrá Íslands. Þetta myndi einfalda til muna verklagið við vinnslu þessara mála og fækka viðkomustöðum fyrir umsækjanda. Einnig má geta þess að með þessu móti er það lagt í hendur umsækjanda að ákveða á hvaða tímapunkti hann æskir þess að fá kynleiðréttingu skráða í þjóðskrá enda er um að ræða mikilvæga ákvörðun fyrir einstakling og eðlilegt að hann ráði ferðinni um hraða breytinganna.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að seinni másl. 4. mgr. 6. gr. verði felldur brott þar sem hann er óþarfur ef fallist verður á ofangreindar röksemdir.

Athugasemdir við 8. gr. frumvarpsins.

Í 8. gr. frumvarpsins er fjallað um kynleiðréttingar og nafnbreytingar í þjóðskrá. Þar er í 1. mgr. gert ráð fyrir að Þjóðskrá Íslands upplýsi umsækjanda um skyldu til nafnbreytingar. Ef fallist verður á þær athugasemdir sem gerðar eru við 6. gr. hér að ofan er þessi málsgrein óþörf enda kæmi þá beiðni um nafnbreytingu og kynleiðréttingu samtímis til vinnslu hjá Þjóðskrá Íslands, enda gert ráð fyrir að hvorug breytingin nái fram að ganga í þjóðskrá nema umsókn um hina breytinguna liggi fyrir.

Það því lagt til að 1. mgr. 8. gr. frumvarpsins verði felld niður og í staðinn komi ný málsgrein, svohljóðandi:

„Sá sem óskar eftir kynleiðréttingu í þjóðskrá skal sækja um það til Þjóðskrár Íslands á þar til gerðu eyðublaði sem stofnunin lætur í té. Umsókn skal fylgja staðfesting sérfræðinefndar um kynáttunarbenda skv. 3. mgr. 6. gr. og umsókn um nafnbreytingu í þjóðskrá.“



Í 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins segir að við leiðréttingu á kyni og nafnbreytingu í þjóðskrá sé heimilt að úthluta umsækjanda nýrri kennitölu hjá Þjóðskrá Íslands.

Þjóðskrá Íslands telur sér rétt og skylt að fjalla nokkuð ítarlega um þetta ákvæði þar sem með þessu er verið að leggja til lögfesta sértæk ákvæði um meðferð og meðhöndlun kennitölnnar.

Í fyrsta lagi er rétt að vekja athygli á að hér á landi er ekki til staðar nein löggjöf um kennitölur. Nú stendur yfir endurskoðun á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu og fleiri lögum og er eitt markmið endurskoðunarinnar að lögfesta ákvæði um kennitölur og setja reglur og viðmið um útgáfu kennitölu, meðhöndlun hennar og miðlun og síðast en ekki síst um breytingar á henni. Eins og velþekkt er þá var kennitalan í upphafi hugsuð sem einkvæmt auðkenni borgarans í samskiptum hans við hið opinbera. Á síðustu árum hefur útbreiðsla kennitölnnar og notkun hennar stóraukist og nú er svo komið að kennitalan er talin sjálfsögð upplýsing um auðkenni manns, nánast sjálfsagðari í miðlun en nafn manns enda er oft tekið dæmi um að maður geti ekki leigt sér myndband, keypt strætókort eða skilað vöru í verslun án þess að gefa upp kennitölu.

Á Íslandi byggist kennitalan upp á fæðingardegi og ári sem eru 6 fyrstu tölustafirnar en síðustu 4 tölustafirnar eru hlutlaus auðkenni að öðru leyti en því að síðasti tölustafurinn tákna þá öld er viðkomandi er fæddur. Hérlandis er ekki að finna neina vísun til kyns þess sem ber kennitölna. Annar háttur er hafður á hjá hinum Norðurlöndunum en þar má lesa kyn aðila út úr kennitölnni. Þetta atriði telur Þjóðskrá Íslands að skipti höfuðmáli þegar litið er til þess hvort heimila skuli breytingar eða úthlutun á nýrri kennitölu.

Í öðru lagi þá hafa einstaklingar í hinum Norðurlöndunum fleiri auðkenni í samskiptum sínum við stjórnvöld. Í einhverjum tilvikum er fólk með sérstaka skattakennitölu en í öðrum tilvikum er hver einasti einstaklingur með sérstakt einkvæmt auðkenni í þjóðskrá auk þess að hafa kennitölu. Umrætt auðkenni er óbreytanlegt og er ekki endilega þekkt af öðrum en umræddum einstaklingi og þjóðskrá viðkomandi ríkis. Það þýðir t.d. að þótt kennitölnni yrði breytt þá myndi hið einkvæma auðkenni ekki breytast og þar með myndu engar upplýsingar eða réttindi um einstaklinginn glatast þótt kennitölu hans yrði breytt. Ef einstaklingur fær úthlutað nýrri kennitölu hérlandis þá er það svo í raun að hann á það á hættu að glata ýmsum réttindum sem tengd eru við fyrri kennitölna. Ný kennitala yrði þá til í þjóðskrá en gamla kennitalan myndi færa yfir í s.k. Horfinnaskrá og verður þannig óvirk. Í framkvæmd þýðir þetta að hafi aðili sem fær nýja kennitölu t.d. safnað sér einhvers konar fríðindum eða réttindum hjá tryggingafélagi þá mun tryggingafélagið ekki getað fundið tengsl nýju og gömlu kennitölnnar. Að sama skapi myndu lífeyrissjóðir ekki getað fundið umrædd tengsl þannig að þá þyrfti lífeyrisþegi væntanlega að framvísa einhver konar skýringum hjá lífeyrissjóði þegar að útgreiðslu eða útreikningi lífeyrisréttinda kemur. Að auki má bæta við að myndi umræddur aðili af einhverjum orsökum þurfa á að halda einkunnum sínum úr framhaldsskóla eða háskóla þá gæti hann hvorki nálgast þær upplýsingar með því að gefa upp gömlu kennitölna sína því



hún myndi ekki finnast á skrá en heldur nýja kennitalan myndi heldur ekki skila leitarniðurstöðum nema frá þeim tímapunkti er henni var úthlutað. Þetta gerist svona vegna þess að einungis örfáir opinberir aðilar hafa aðgang að breytingaskrá þjóðskrá eins og lýst verður hér á eftir.

Í 2. másl. 3. mgr. 8. gr. frumvarpsins segir að óski einstaklingur nýrrar kennitölu skuli fyrri kennitala vera aðgengileg þeim stjórnvöldum og öðrum aðilum sem starfs síns vegna þurfa að vita um tengsl nýju og eldri kennitölnnar. Í athugasemdum við 8. gr. frumvarpsins segir sérstaklega um þetta atriði að tengslin á milli gömlu og nýju kennitölnnar þurfi að vera aðgengileg stjórnvöldum og öðrum aðilum og er vísað til skattayfirvalda, sakaskrár, Fangelsismálfstofnunar o.fl. Í framkvæmd er það svo að umrædd tengsl sjást í breytingaskrá þjóðskrá. Í kjölfarið er fjallað nokkuð um miðlun þjóðskrár og eru ekki gerðar athugasemdir við það sem þar kemur fram. Það sem hins vegar kemur ekki fram er t.d. að breytingaskrá þjóðskrár er aðeins miðlað til örfárra opinberra aðila, t.d. lögreglunnar, Tryggingastofnunar og Sjúkratrygginga Íslands. Þjóðskrá Íslands telur sér samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsingar nr. 77/2000 óheimilt að miðla breytingaskrá til einkafyrirtækja enda inniheldur breytingaskrá þjóðskrár viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi laganna.

Í þessu sambandi má einnig velta fyrir sér hvort Þjóðskrá Íslands geti borið sérstaka ábyrgð á því að miðla upplýsingum um nýja kennitölu til opinberra aðila. Myndi Þjóðskrá Íslands t.d. bera að tilkynna sakaskrá eða fangelsismálayfirvöldum um nýja kennitölu aðila? Hvað ef umsækjandi er á sakaskrá eða skilorði? Myndi stofnunin bera ábyrgð á því að tilkynna opinberum aðilum beint um breytta kennitölu og þá hvaða aðilum? Eða er það umræddra aðila sjálfra að tryggja að þeir í fyrsta lagi hafi aðgang að breytingaskrá þjóðskrá og í öðru lagi að þeir kanni breytingasögu einstaklinga í hvert og eitt skipti sem einstaklingur er til meðferðar hjá þeim? Í athugasemdum við 8. gr. frumvarpsins segir að áður fyrr hafi Þjóðskrá afhent árlega mörgum stórnotendum þjóðskrár allar kennitölbreytingar sem unnar voru í skrána. Þarna er lýst verklagi sem er löngu aflagt enda flestir miðlarar með sívinnsluaðgang þannig að þjóðskrá er miðlað jafnóðum. Þjóðskrá Íslands hefur ekki áform um að taka aftur upp einhvers konar afhendingu á kennitölbreytingum til stórnotenda eða eins og segir í frumvarpinu „sem starfs síns vegna þurfa að vita um tengsl nýju og eldri kennitölnnar“ enda afar óljóst hvernig ætti að meta þörf slíkra aðila fyrir upplýsingarnar og ólíklegt að slíkt mat yrði talið samrýmast skyldum og hlutverki stofnunarinnar.

Til glöggvunar er rétt að fjalla stuttlega um miðlun persónuupplýsinga og breytingaskrá þjóðskrár. Þjóðskrá Íslands annast almannaskráningu hér á landi skv. 1. gr. laga um þjóðskrá og almannaskráningu nr. 54/1962. Miðlun á þjóðskrá byggir á heimildum sömu laga og byggir hún á samningum miðlara/dreifingaraðila við Þjóðskrá Íslands annars vegar og viðkomandi viðskiptavin hins vegar. Það byggir á samningum viðskiptavinar hversu ör uppfærsla á upplýsingum í þjóðskrá er. Mun algengara er nú en áður að viðskiptavinir uppfæri þjóðskrárupplýsingar á hverjum sólarhring. Sem betur fer fækkar þeim viðskiptavinum sem uppfæra þjóðskrána sjaldnar enda er lítið upplýsingagildi í gömlum upplýsingum. Stórnotendur þjóðskrár



uppfæra skrána ört og þannig skila allar breytingar á grunnupplýsingum úr þjóðskrá sér fljótt og vel til viðskiptavina. Aðgangur að breytingaskrá þjóðskrá er mjög takmarkaður þar sem að hluta er um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar. Sá galli er á miðlun þjóðskrár að vegna tæknilegra annmarka er ekki hægt að sía upplýsingar úr breytingaskrá til miðlunar heldur er aðeins hægt að miðla öllum upplýsingunum eða engum.

Réttilega segir í athugasemdum við 8. gr. frumvarpsins að kennitölbreytingar geti stafað af ýmsum orsökum svo sem röngum fæðingardegi eða misskráningu. Tilvikum misskráningar fækkar óðum enda er við úthlutun kennitalna fylgt ítarlegum verklagsreglum hjá stofnuninni. Þau tilvik sem lúta að röngum fæðingardegi hafa t.d. komið upp í tengslum við að einstaklingur hafi framvísað fölsuðum skilríkjum við upphaflega skráningu hérlendis. Leiðrétting kennitölu eða útgáfa nýrrar kennitölu fer því aðeins fram að nýrri og áreiðanlegri gögn liggja fyrir að mati stofnunarinnar.

Þjóðskrá Íslands telur það ekki þróun í rétta átt að heimila breytingar á einkvæmu auðkenni borgaranna þegar það er ekki nauðsynlegt vegna rangra gagna við upprunalega skráningu eða vegna mistaka. Með því er átt við að kennitalan hér á landi er ekki kyngreinanleg og við úthlutun nýrrar kennitölu í þeim tilvikum sem hér um ræðir myndu einungis 3 tölustafir af 10 breytast enda er ekki gert ráð fyrir að einstaklingur fái nýjan fæðingardag eða fæðingarár við úthlutun nýrrar kennitölu vegna kynleiðréttingar.

Að lokum veltir stofnunin því fyrir sér hvort með orðalaginu: „er heimilt að úthluta umsækjanda nýrri kennitölu hjá Þjóðskrá Íslands“ sé átt við að Þjóðskrá Íslands beri að taka ákvörðun um rétt einstaklings til að fá úthlutað nýrri kennitölu. Við lestur ákvæðisins telur Þjóðskrá Íslands mega ráða að stofnuninni sé ekki heimilt að hafna ósk einstaklings um að fá úthlutað nýrri kennitölu enda segir í næsta málslið ákvæðisins að kennitalan skuli verða aðgengileg stjórnvöldum og öðrum aðilum óski umsækjandi eftir nýrri kennitölu. Það vekur því upp spurningar að í athugasemdum við 8. gr. frumvarpsins sé sérstaklega tekið fram að ákvarðanir Þjóðskrár Íslands skv. 8. gr. frumvarpsins séu kærnanlegar til innanríkisráðuneytisins sem æðra stjórnvalds. Þetta orðalag gefur til kynna að Þjóðskrá Íslands geti hafnað umsækjanda að fá úthlutað nýrri kennitölu ólíkt því sem ákvæðið hljóðar um. Hins vegar liggur fyrir að Þjóðskrár Íslands er opinber stofnun og þar með eru allar ákvarðanir hennar kærnanlegar til æðra stjórnvalds, innanríkisráðuneytisins í samræmi við meginreglur stjórnvöldslulaga nr. 37/1993.

Með vísan til þess sem segir að ofan leggur Þjóðskrá Íslands til að umrætt ákvæði verði endurskoðað með hliðsjón af framansögðu. Úthlutun nýrrar kennitölu er mögulegur kostur tæknilega séð en aðeins með þeim annmörkum sem eru á miðlun þjóðskrár eins og að framan er lýst. Reglulega berast stofnuninni fyrirspurnir frá aðilum varðandi kennitölur sem ekki finnast í viðskiptamannaskrá og í flestum tilvikum er skýringin sú að kennitölu einstaklings hafði verið breytt og sú breyting ekki skilað sér. Það verður því að draga mjög í efa að ávinningurinn og hagræðið sé

Það mikið að réttlæti að heimila breytingar á þessu mikilvæga einkvæma auðkenni borgarans.


Enn fremur vill Þjóðskrá Íslands vekja athygli á að ekki er rétt farið með lýsingu á verklagi varðandi breytingar á fæðingarskýrslum í umfjöllun þar um í athugasemdum við 8. gr. frumvarpsins. Þar segir að fæðingarskýrsla einstaklings með kynáttunarvanda beri með sér kynleiðréttingu og nafnbreytingu í neðanmálgrein. Telja verður að þetta orðalag geti valdið nokkrum misskilningi en verklagið var áður fyrr á þann veg að kæmu til breytingar á kyni, nafni, feðrun eða væri einstaklingur ættleiddur, þá voru upplýsingar um þessi atriði færð inn á fæðingarskýrslur viðkomandi einstaklinga sem varðveittar voru hjá stofnuninni. Nú berast fæðingarskýrslur ekki lengur á pappírformi en upplýsingarnar sem að framan greinir eru vissulega skráðar í gagnasafn þjóðskrár. Skýrslurnar sjálfar eru því að sjálfsögðu ekki lengur áritaðar með viðbótarupplýsingum. Þegar gefin eru út fæðingavottorð fyrir einstaklinga sem hafa leiðrétt kyn sitt í þjóðskrá þá koma upplýsingar um fyrra nafn og fyrra kyn í neðanmálgrein á fæðingavottorðinu en stofnunin telur sér ekki heimilt að breyta upprunaupplýsingum á fæðingarskýrslu.

Athugasemdir við 9. gr. frumvarpsins

Ekki eru gerðar athugasemdir við efni 9. gr. frumvarpsins enda er þar lýst gildandi framkvæmd hjá stofnuninni. Á hverjum degi berast gögn um skráningu af ýmsu tagi og metur Þjóðskrá Íslands gildi þessara gagna sem og annarra gagna sem lögð er fram meðal annars með tilliti til hvort þau séu gefin út af þar til bærum stjórnvöldum.

Þjóðskrá Íslands vill að lokum lýsa yfir stuðningi sínum við þetta frumvarp og fagnar því hve ítarlega komið er á mótis við stjórnsýsluframkvæmdina með þeim hætti sem gert er í frumvarpinu.

F.h. Þjóðskrár Íslands


Ástríður Jóhannesdóttir
Lögfræðingur